

**Nd.**

**557. Breytingartillaga**

**[127. mál]**

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958, og l. nr. 40 12. maí 1965, um breyt. á þeim lögum.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

50. gr. laganna orðist svo:

Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 45 km á klukkustund.

Útan þéttbýlis má eigi aka hraðar en 70 km á klukkustund. Dómsmálaráðherra getur þó heimilað ökuhraða allt að 90 km á klukkustund á einstökum vegum (hraðbrautum) og bundið þá heimild við ákveðna árstíma.

Almenningsvögnum, sem flytja mega 10 farþega eða fleiri, og vörubifreiðum, sem eru 3.5 smálestir eða meira að heildarþyngd, má þó eigi aka hraðar en 60 km á klukkustund. Bifreiðum, sem draga tengi- og festivagna, má eigi aka hraðar en 45 km á klukkustund.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ökuhraða, þar á meðal ákveðið lægri hámarkshraða almennt en að framan greinir eða á einstökum vegum. Í kaupstöðum og kauptúnum má setja slíkar reglur í lögreglusamþykktum.